

því, hvar heimilisfang hennar skuli talið. Eins og fyrr segir, hefur hún nú um mörg ár dvalið í Reykjavík með börnum þeirra hjóna og býr nú þar í íbúð, sem maður hennar er eigandi að. Þessi tengsl þeirra hjóna við Reykjavíkurbæ virðast leiða til þess, að það er ekki lengur á þeirra valdi að ákveða heimilisfang sitt annars staðar. Verður því ekki fallið á, að þau hjónin eigi heimilisfang í Vestmannaeyjum eða hafi átt heimilisfesti þar, er kjörskrá var samin. Samkvæmt þessu verður krafa sækjanda ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Sækjandi, Ása Torfadóttir, skal ekki tekin á kjörskrá í Vestmannaeyjum.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 157/1955. **Bæjarstjórinn á Siglufirði f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Ólafi Baldvinssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1955. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki sótt þing í Hæstarétti og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur ekki fært á það sönnur, að stefndi hafi haft heimilisfang í Siglufjarðarkaupstað á þeim tíma, er hér

skiptir máli, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og þar sem enginn hefur komið fyrir dóm af hálfu stefnda, fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógætadóms Siglufjarðar 8. september 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 8. september, var í fógætarétti Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í fógætaréttarmálinu: Bæjargjaldkerinn í Siglufirði vegna bæjarsjóðs gegn Ólafi Baldvinssyni, sem tekið var til úrskurðar þann 11. ágúst s.l. og að nýju 7. þ. m. Bæjargjaldkerinn í Siglufirði hefur með bréfi, dags. 23. marz s.l., beiðzt þess, að lögtak yrði gert í eignum gerðarþola, Ólafs Baldvinssonar, sem gerðarbeiðandi telur eiga heima á Eyrargötu 5, Siglufirði, til tryggingar útsvarsskuld, að upphæð kr. 5905.00, auk dráttarvaxta frá 1. september 1954 til greiðsludags, svo og öllum kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til þess kemur, en útsvar þetta var lagt á gerðarþola við niðurbjöfnun útsvara 1954. Styður gerðarbeiðandi lögtaksbeiðni sína með því, að gerðarþoli hafi haft atvinnu sína við Efnalaug Siglufjarðar á Siglufirði í 7 mánuði af árinu 1953, en hvorki dvalið það ár í Grýtubakkahreppi né haft þar atvinnutekjur. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram vottorð um, að gerðarþoli hafi haft herbergi á leigu á Eyrargötu 5 hér í bænum frá haustinu 1952 til vorsins 1953 og keypt fæði þar á sama tíma og allt fram í ágúst 1954.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar á þeim forsendum, að hann hafi jafnan verið og sé enn heimilisfastur á Móbergi í Grýtubakkahreppi.

Til stuðnings þessari staðhæfingu sinni hefur gerðarþoli lagt fram vottorð Hagstofunnar um, að við allsherjarmanntal þann 16. október 1952 sé gerðarþoli skráður á Móbergi í Grýtubakkahreppi. Einnig segir í nefndu vottorði Hagstofunnar, að gerðarþoli hafi verið settur á skýrslu sem búsettur á Eyrargötu 5, Siglufirði, með þeim fyrirvara, að hann eigi lögheimili í Grýtubakkahreppi.

Enn fremur segir í vottorði þessu, að engin tilkynning hafi Hagstofunni borizt um breytingu á þessu, og við íbúaskrá Siglufjarðar 1. desember 1953, sem send hafi verið leiðrétt til Hagstofunnar, hafi engin athugasemd verið gerð við, að gerðarþoli ætti lögheimili í Grýtubakkahreppi.

Þá hefur gerðarþoli og lagt fram vottorð oddvita Grýtubakkahrepps, þar sem vottað er, að hann (gerðarþoli) hafi dvalið hjá foreldrum sínum í Grýtubakkahreppi framan af ári 1953 og stundað þar sjómennsku og önnur störf og einnig hafi hann átt lögheimili þar í sveit árið 1954 og verið lagt þar á hann útsvar það ár, sem hann hafi þegar að fullu greitt.

Loks er upplýst með vottorði, sem gerðarþoli hefur lagt fram, að gerðarþoli greiddi tekjuskatt fyrir árið 1954 (af tekjum ársins 1953) í Grýtubakkahreppi og var þá strikaður út af skattskrá hér samkvæmt vottorði hreppstjóra umgetins hrepps, enda mun gerðarþoli ekki hafa talið fram til skatts hér á Siglufirði fyrir umrætt ár.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og lögðu aðilar ágreiningsefnið undir úrskurð fúgetaréttarins.

Það verður að telja upplýst í máli þessu, enda ekki mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi dvalið hjá foreldrum sínum í Grýtubakkahreppi framan af árinu 1953, þar sem hann taldi sig það ár a. m. k. eiga lögheimili. Einnig er það upplýst, að við íbúaskráningu á Siglufirði 1. desember 1953 gera bæjaryfirvöldin hér enga athugasemd við það, að gerðarþoli sé talinn eiga lögheimili á heimili foreldra sinna í Grýtubakkahreppi. Að vísu er einnig upplýst í máli þessu, að gerðarþoli stundaði atvinnu við fyrirtæki hér á Siglufirði í 7 mánuði af árinu 1953 og hafði þá herbergi á leigu hér, en svo virðist, að með dvöl sinni hér þenna tíma hafi gerðarþoli enga viðleitni sýnt til að flytja búferlum hingað, enda beinlínis mótmælt af honum, að svo hafi verið. Þykja því öll rök hníga að því, að hin 7 mánaða langa dvöl gerðarþola hér á Siglufirði árið 1953 hafi einungis verið tímabundin og í sambandi við atvinnu hans hér þenna tíma, en hafi ekki verið þess eðlis, að hún hafi slitið tengsl hans við heimili sitt og samkvæmt ákvæðum 8. gr. útsvarslaganna nr. 106/1936 ekki bakað honum útsvarsskyldu við álagningu útsvara hér árið 1954.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, þykir því álagning útsvars á gerðarþola hér á Siglufirði árið 1954 ekki hafa átt rétt á sér og verði því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á ekki að fara fram.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 8/1956. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

Arnari Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson)

og

Gísla Sveinbirni Magnússyni

(Benedikt Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 106. og 218. gr. laga nr. 19/1940, áfengislögum nr. 58/1954 og lögreglusamþykkt Ísafjarðar nr. 12/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi sakadómara, Halldór Þorbjörnsson, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með atferli því, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði Arnar brotið gegn þeim ákvæðum laga og lögreglusamþykktar, sem héraðsdómari greinir, og eru ekki efni til að dæma ákærða Arnar fyrir brot á þeim öðrum ákvæðum lögreglusamþykktarinnar, er getur í ákæruskjali. Þykir mega staðfesta ákvæði dómsins um skilorðsbundna refsingu þessa ákærða.

Atferli ákærða Gísla Sveinbjörns er réttilega lýst í héraðsdómi, og hefur hann með því brotið gegn þeim ákvæðum lögreglusamþykktar og hegningarlaga, sem héraðsdómari vitnar til. Þegar lítið er til þess, hversu brot ákærða Gísla Sveinbjörns gegn greindum ákvæðum hegningarlaga eru stórfelld, svo og þess, sem fram er komið um sams konar atferli hans fyrr á árinu 1954, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu